

Krabbameinsfélagið, ráðgjöf og stuðningur
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Sími: 800 4040. Svarað er í síma mánudaga til fimmtudaga frá 9-16 og föstudaga frá 9-14.

Netfang: radgjof@krabb.is

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga 9-16 og föstudaga 9-14

Vefsíða: www.krabb.is

.....

Glerárgata 34, Akureyri

Sími: 461 1470

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga frá 10-14

Netfang: kaon@krabb.is

Vefsíða: www.kaon.is



Stuðningur og ráðgjöf

Stuðningsþjónusta fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra



Stuðningur og ráðgjöf

Krabbameinsfélagið býður öllum þeim sem greinast með krabbamein stuðning, ráðgjöf og fræðslu.

Þjónustan er einnig ætluð aðstandendum þeirra sem greinast og syrgjendum.

Markmiðið er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í daglegu lífi í kjölfar þeirra breytinga sem greining krabbameins veldur.

Við þjónustuna starfa hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar.

Meðal þess sem boðið er upp á:

- Einstaklings-, para- og fjölskylduviðtöl
- Fjarviðtöl
- Símaráðgjöf
- Djúpslökun
- Margvísleg námskeið og fjarnámskeið
- Hagnýtar upplýsingar um félagsleg úrræði og réttindi, stuðningshópa og aðildarfélög á landsbyggðinni

Nánar á krabb.is/studningur

Þjónustan er á l. hæð í húsi Krabbameinsfélagsins. Boðið er upp á kaffi og spjall í heimilislegu húsnæði.

Svarað er í síma **800 4040** mánudaga til fimmtudaga frá 9-16 og föstudaga frá 9-14. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@krabb.is.

Stuðningur: Viðtöl eru í boði fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein, aðstandendur og þá sem syrgja ástvin. Stuðningur í formi samtals, slökunar og hvatningar er í boði fyrir bæði einstaklinga og smærri hópa. Stuðningshópar og jafningjastuðningur standa til boða fyrir þá sem þess óska og íbúðir fyrir þá sem sækja meðferð á Landspítala en hafa búsetu á landsbyggðinni.

Ráðgjöf: Ráðgjöf er veitt um forvarnir, ýmis úrræði og hagnýt mál er tengjast veikindunum, svo sem réttindamál. Einnig eru veittar upplýsingar um krabbameinsfélög á landsbyggðinni. Hægt er að fá ráðgjöf með viðtölum eða með símaráðgjöf.

Fræðsla: Veitt er fræðsla um helstu tegundir krabbameina, einkenni, meðferðir og um þá þjónustu sem í boði er. Fræðslan er í formi viðtala, námskeiða og fyrirlestra. Dagskrá og helstu viðburði má sjá á vefsíðu félagsins krabb.is/studningur.

